



## FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 10. desember 2025 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar á skrifstofu sveitarfélagsins kl. 8:30.

Á fundinn voru mætt Halldór Gunnar Ólafsson oddviti, Péturína Laufey Jakobsdóttir, Erla María Lárusdóttir, Arnar Ólafur Viggósson, Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir og Alexandra Jóhannesdóttir sveitarstjóri.

Arnór Tumi Finnsson verkefnastjóri fjármála sat fundinn undir 1. og 2. dagskrárlið. Guðrún Elsa Helgadóttir starfandi skólastjóri sat fundinn undir 5. dagskrárlið.

Oddviti stjórnaði fundi og sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Oddviti bar upp tillögu þess efnis að breyting yrði gerð á dagskrá og að liðnum “Útboð 25-104 – Skagaströnd, Ásgarður og Miðgarður, rafbúnaður“ verði bætt við og settur sem 6. liður á dagskrá. Var tillagan borin upp til samþykktar og samþykkt samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.

### 1. Rekstraryfirlit janúar-október 2025 og fjárfestingayfirlit janúar-nóvember 2025

Fyrir fundinum lá rekstraryfirlit vegna janúar-október 2025 og fjárfestingayfirlit vegna janúar-nóvember 2025 sem rekstrarstjóri fjármála fór yfir og útskýrði. Voru yfirlitin lögð fram til kynningar.

### 2. Niðurfellingar og afskriftir eldri krafna

Gerð var tillaga um endanlegar afskriftir viðskiptakrafna eldri en 2021 samtals að upphæð 1.786.777 kr. Var tillagan borin upp til atkvæðagreiðslu og samþykkt samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.

### 3. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir málefni sem unnið hefur verið að á vettvangi sveitarfélagsins frá síðastasta fundi. Skýrslan var flutt munnlega og til kynningar.

### 4. Velferðarstefna sveitarfélagsins og mannauðsmál

Fyrir fundinum lá tillaga þess efnis að sveitarstjórn samþykki eftirfarandi uppfærslu á velferðarstefnu sem samþykkt var fyrst 27. febrúar 2024.

Viðauki 1 sem fjallar um verklag vegna fjarvista starfsfólks og endurkomu eftir langtímaveikindi hefur verið uppfærð í takt við reynslu stjórnenda.

Viðauki 2 sem fjallaði um umsamið verklag varðandi styttingu vinnuviku féll út við uppfærsluna en í síðustu kjarasamningum var vinnutími formlega stytur í 8 klst. á dag í 7,2 klst. á dag m.v. 100% starf og er því ekki þörf á viðaukanum.

Velferðarstefnan er einnig uppfærð í takt við þessar uppfærslur.

Var tillagan borin upp til atkvæðagreiðslu og samþykkt samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.



## 5. Skýrsla skólastjóra

Guðrún Elsa Helgadóttir starfandi skólastjóri fór yfir starfsemi Höfðaskóla. Var skýrslan flutt munnlega og til kynningar.

## 6. Útboð 25-104 – Skagaströnd, Ásgarður og Miðgarður, rafbúnaður

Fyrir fundinum lá erindi frá Vegagerðinni þar sem tilgreindar eru niðurstöður útboðs vegna **Skagaströnd, Ásgarður og Miðgarður, rafbúnaður**. Alls bárust sex tilboð í verkið *Skagaströnd, Ásgarður og Miðgarður, rafbúnaður*

TG raf ehf., Hafnarfirði 32.850.140 kr. 104,5%  
Árvirkinn ehf., Selfossi 29.504.261 kr. 93,8 %  
H&T ehf., Reykjavík 28.897.950 kr. 91,9%  
Rafmáni ehf., Reykjavík 26.478.299 kr. 84,2%  
SV1 verk ehf., Akureyri 24.581.605 kr. 78,2%  
Tengill ehf., Sauðárkróki 23.324.792 kr. 74,2%  
**Áætlaður verkkostnaður: 31.448.529 kr. 100 %**

Vegagerðin leggur til að gengið verði til samninga við lægstbjóðanda Tengil ehf. á Sauðárkróki. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða með fimm greiddum atkvæðum að ganga til samninga við Tengil ehf. og var sveitarstjóra falið að undirrita samning þess efnis fyrir hönd sveitarfélagsins.

## 7. Bréf

### 1. Sambandsþing UMFÍ dags. 13. nóvember 2025

**Efni:** Áskorun og hvatning frá Sambandsþingi UMFÍ 2025

Fyrir fundinum lá áskorun frá Sambandsþingi UMFÍ 2025 þar sem skorað er á ríki og sveitarfélög að efla lýðheilsu og forvarnir. Þá er skorað á ríki og sveitarfélög að taka upp samtal við íþróttahreyfinguna á Íslandi varðandi starfsumhverfi hennar.

### b. Vinir Gunnfaxes dags. 18. nóvember 2025

**Efni:** Styrkbeiðni

Fyrir fundinum lá styrkbeiðni vegna varðveislu flugvélarinnar Gunnfaxes. Sveitarstjórn ræddi erindið en hafnaði því.

### c. Umhverfisráðuneytið dags. 19. nóvember 2025

**Efni:** Náttúrustofa Norðurlands vestra – viðauki

Fyrir fundinum lá viðauki við samning milli Húnaþings vestra, Skagafjarðar og Skagastrandar annars vegar og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis hins vegar um rekstur Náttúrustofu Norðurlands vestra sem gildir út 2026. Var viðaukinn borinn upp til staðfestingar og staðfestur samhljóða af sveitarstjórn.

### d. ADHD samtökin dags. 26. nóvember 2025

**Efni:** Styrkbeiðni

Fyrir fundinum lá erindi frá ADHD samtökunum þar sem óskað er eftir styrk vegna starfsemi samtakana. Sveitarstjórn ræddi erindið en hafnaði því.



**e. Farskólinn dags. 4. desember 2025**

**Efni:** Vildargjald

Fyrir fundinum lá erindi frá Farskólanum þar sem óskað er eftir vildargjaldi frá sveitarfélaginu að upphæð 95.000 kr. Upphæðin er óbreytt á milli ára. Gert var ráð fyrir vildargjaldinu í fjárhagsáætlun ársins.

**f. Sæþór Daði Guðmundsson dags. 10. nóvember 2025**

**Efni:** Krossarabraut

Með erindinu er óskað eftir afstöðu sveitarfélagsins til þess að setja upp krossarabraut en slík braut var áður staðsett neðan við Spákonufell. Sveitarstjórn ræddi erindið og tók vel í að skoða hugmyndina áfram. Var sveitarstjóra falið að kanna umfang verksins og mögulegar útfærslur og fara með erindið til umfjöllunar í hafnar- og skipulagsnefnd.

**7. Fundargerðir:**

**a)** *Stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga dags. 19. ágúst 2025*

Fundargerð lögð fram til kynningar.

**b)** *Stjórnar SSNV dags. 3. nóvember 2025*

Fundargerð lögð fram til kynningar.

**c)** *Stjórnar SSNV dags. 2. desember 2025*

Fundargerð lögð fram til kynningar.

**d)** *Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 14. nóvember 2025*

Fundargerð lögð fram til kynningar.

**8. Önnur mál**

Oddviti þakkar sveitarstjórn og starfsfólki sveitarfélagsins fyrir gott samstarf og vel unnin störf á árinu sem er að líða og óskar öllum gæfuríkrar jólahátíðar.

Oddviti leggur til að sveitarfélagið styrki Hólaneskirkju og Rauðakrossdeildina um 200.000 kr sem verði nýttar til stuðnings heimilum sem þurfa á fjárhagsstuðningi að halda í tengslum við jólahald.

Sveitarstjórn samþykkir framlagða tillögu samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.

Fleira var ekki tekið fyrir og var fundi slitið kl. 10:44

## Undirritunarsíða

Alexandra Jóhannesdóttir

Halldór Gunnar Ólafsson

Péturína Laufey Jakobsdóttir

Arnar Ólafur Viggósson

Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir

Erla María Lárusdóttir